

REGLUGERÐ

um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja lágmarksöryggi vegfarenda í jarðgöngum hér á landi með því að koma í veg fyrir hættuleg atvik sem kunna að stefna mannlífum, umhverfinu og gangamannvirkjum í hættu og með því að kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef slys verða.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um öll jarðgöng hér á landi sem opin eru fyrir almennri umferð, lengri en 500 metrar, hvort sem þau eru í notkun, á framkvæmdastigi eða hönnunarstigi .

3. gr.

Orðskýringar

Í reglugerð þessari merkir:

- a. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).
- b. *Jarðgöng í flokki I*: Jarðgöng sem tilheyra samevrópska vegakerfinu og öll jarðgöng tekin í notkun eftir 1. janúar 2021 hvort sem þau tilheyra samevrópska vegakerfinu eða ekki.
- c. *Jarðgöng í flokki II*: Jarðgöng utan samevrópska vegakerfisins tekin í notkun á tímabilinu 24. október 2007 – 1. janúar 2021.
- d. *Jarðgöng í flokki III*: Jarðgöng utan samevrópska vegakerfisins tekin í notkun fyrir 24. október 2007.
- e. *Lengd jarðganga*: lengd lengstu akreinar mæld í þeim hluta jarðganganna sem er að fullu lokaður.
- f. *Neyðarþjónusta*: öll staðbundin þjónusta, hvort sem hún tengist opinberum aðilum, einkaaðilum eða starfsfólki jarðganga sem er kölluð út ef slys ber að höndum, þ.m.t. lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir,
- g. *Samevrópska vegakerfið*: Vegakerfið sem skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1315/2013 og skýrt með kortum í lið 11.4 í III viðauka, eins og liðnum var breytt með framseldri breytingarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2016/758,
- h. *Stjórnandi jarðganga*: Sá aðili, hvort sem er opinber eða einkaaðili, sem ber ábyrgð á stjórnun, daglegum rekstri og öryggi jarðganga, t.d. eigandi jarðganga eða annar aðili sem ber ábyrgð á rekstri jarðganga fyrir hönd eiganda.
- i. *Öryggisfulltrúi*: Aðili sem tilnefndur er af stjórnanda jarðganga og samþykktur af Samgöngustofu og ber ábyrgð á að uppfylltar séu þær skyldur sem um getur í 7. gr. reglugerðar þessarar.
- j. *Öryggisstjórnunarkerfi*: Kerfisbundin nálgun við öryggisstjórnun, þ.m.t. nauðsynlegt stjórnskipulag, ábyrgðarskylda, stefnumál og verklagsreglur.

4. gr.

Öryggisráðstafanir

Jarðgöng sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar skulu uppfylla viðeigandi lágmarkskröfur skv. 11. gr. reglugerðarinnar sem kveðið er á um í viðaukum við reglugerðina. Virkt öryggisstjórnunarkerfi skal vera til staðar. Ef ekki er hægt að fullnægja byggingarkröfum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka með tæknilausnum eða ef kostnaður við þær er óhóflegur, er Samgöngustofu heimilt að samþykkja ráðstafanir til að draga úr áhættu, að því tilskildu að þær ráðstafanir leiði til sambærilegrar eða aukinnar verndar. Sýna skal fram á skilvirkni þessara ráðstafana með áhættugreiningu samkvæmt 9. gr. Samgöngustofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um slíkar ráðstafanir að því er varðar jarðgöng sem tilheyra samevrópska vegakerfinu og skal ákvörðunin vera rökstudd.

5. gr.

Stjórnvald

Samgöngustofa hefur eftirlit með því að öryggiskröfur séu uppfylltar í jarðgöngum.

Áður en jarðgöng eru tekin í notkun skal afla samþykkis Samgöngustofu sem hefur eftirlit með því að það sé í samræmi við málsmeðferð í II. viðauka.

Samgöngustofu er heimilt að stöðva tímabundið eða takmarka starfsemi jarðganga ef öryggiskröfum er ekki fullnægt. Samgöngustofa getur sett skilyrði fyrir því að eðlileg umferð geti hafist aftur.

Samgöngustofa skal tryggja að eftirfarandi verkefnum sé sinnt til að tryggja öryggi jarðganga:

- a. að fram fari reglulegar prófanir og skoðanir á jarðgöngum samkvæmt öryggiskröfum þar að lútandi,
- b. að í notkun séu skipulags- og rekstraráætlanir (þ.m.t. neyðaráætlanir) fyrir hjálfun og búnað neyðarþjónustu,
- c. að til séu verklagsreglur um tafarlausa lokun jarðganga á neyðarstundum,
- d. að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr áhættu.

6. gr.

Stjórnandi jarðganga

Samgöngustofa skal tilgreina stjórnanda jarðganga fyrir sérhver jarðgöng. Stjórnandi ber ábyrgð á daglegum rekstri jarðganganna og öryggisstjórnun þeirra.

Stjórnandi jarðganga skal sjá til þess að allir aðilar með starfsemi í jarðgöngunum þ.m.t. verktakar fylgi fyrirframskráðu verklagi. Þetta felur meðal annars í sér formlega tilkynningarskyldu um atvik í starfsemi sem kunna að hafa áhrif á öryggisþætti.

Stjórnandi jarðganga skal gera skýrslu um öll umtalsverð atvik eða slys sem eiga sér stað í jarðgöngunum og senda öryggisfulltrúa, Samgöngustofu og viðkomandi neyðarþjónustu skýrsluna innan eins mánaðar frá atvikinu.

7. gr.

Öryggisfulltrúi

Stjórnandi jarðganga skal, að fengnu samþykki Samgöngustofu, tilnefna einn öryggisfulltrúa fyrir sérhver jarðgöng sem skal samræma allar forvarnar- og öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi vegfarenda og starfsfólks. Öryggisfulltrúi má vera starfsmaður í jarðgöngum en skal vera óháður í málum er varða öryggi jarðganga og skal ekki taka við fyrirmælum frá stjórnanda jarðganga varðandi þau mál. Öryggisfulltrúa er heimilt að starfa í fleiri en einum jarðgöngum.

Öryggisfulltrúi skal sinna eftirfarandi störfum og verkefnum:

- a. Tryggja samstarf við neyðarþjónustu og taka þátt í undirbúningi viðbragðsáætlana.
- b. Taka þátt í skipulagningu, framkvæmd og mati á neyðaraðgerðum.
- c. Taka þátt í að skilgreina öryggisáætlanir og gerð forskrifta fyrir byggingu, búnað og rekstur jarðganga, hvort sem þau eru ný eða vegna breytinga á þeim.
- d. Hafa eftirlit með að starfsfólk jarðganga og neyðarþjónustu fái hjálfun og fræðslu um öryggi jarðganga. Taka þátt í skipulagningu reglubundinna viðbragðsæfinga
- e. Veita ráðgjöf um öryggisþætti í tengslum við að taka jarðgöng í notkun, búnað og rekstur jarðganga og hafa eftirlit með því að öryggisstjórnunarkerfi stjórnanda jarðganga sé viðhaldið.
- f. Hafa eftirlit með að viðhald mannvirkja og búnaðar í jarðgöngum uppfylli öryggiskröfur.
- g. Taka þátt í mati á öllum umtalsverðum atvikum eða slysum sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og tryggir að greiningar á atvikum fari fram.

8. gr.

Reglubundið eftirlit

Samgöngustofa skal framkvæma reglubundnar skoðanir til að tryggja að öll jarðgöng sem falla undir reglugerð þessa fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru. Samgöngustofa getur heimilað óháðum skoðunaraðila að annast slíkar skoðanir og skal skoðunaraðili þá tilkynna Samgöngustofu niðurstöður skoðana. Skoðunaraðili skal að mati Samgöngustofu vera hæfur til að sinna eftirliti, mati og prófunum og skal starfa óháð fyrir mælum frá stjórnanda jarðganga.

Ekki mega líða meira en sex ár milli skoðana á hverjum jarðgöngum.

Ef í ljós kemur að jarðgöng uppfylla ekki kröfur samkvæmt reglugerð þessari skal Samgöngustofa leggja fyrir stjórnanda jarðganganna að gera viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi. Samgöngustofa skal setja skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri jarðganganna eða fyrir því að þau verði tekin í notkun á ný. Ekki skal falla frá skilyrðunum fyrr en ráðstafanir til úrbóta eða aðrar viðeigandi takmarkanir eða skilyrði hafa verið sett.

Ef ráðstafanir til úrbóta fela í sér verulegar breytingar á jarðgöngunum sjálfum eða starfsemi þeirra skal Samgöngustofa fylgja málsmeðferð samkvæmt II. viðauka áður en stofnunin samþykkir að þau verði tekin í notkun á ný.

9. gr.

Áhættugreining

Áhættugreining er greining áhættu í tilteknum jarðgöngum þar sem tekið er tillit til allra hönnunarþátta og umferðaraðstæðna, sem hafa áhrif á öryggi, einkum einkenna og gerðar umferðar, lengdar og lögunar jarðganga auk fjölda þungaflutningabifreiða sem áætlað er að fari um þau á dag.

Þegar reglugerð þessi mælir fyrir um að framkvæma skuli áhættugreiningu skal stjórnandi jarðganga láta óháðan aðila framkvæma slíka greiningu. Áhættugreiningin skal gerð í samræmi við viðurkennda, ítarlega og vel skilgreinda aðferðarfræði sem Samgöngustofa samþykkir. Innihald og niðurstöður áhættugreiningar skulu vera hluti af gögnum um öryggi sem Samgöngustofa fær.

Aðferðarfræðin skal vera ítarleg og vel skilgreind og í samræmi við bestu mögulegu starfshætti. Samgöngustofa skal tilkynna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hvaða aðferðafræði beitt er að því er varðar jarðgöng sem eru hluti af samevrópska vegakerfinu.

10. gr.

Undanþágur fyrir aðferðir sem byggja á nýsköpun

Samgöngustofu er heimilt að veita undanþágu frá kröfum þessarar reglugerðar á grundvelli formlegrar beiðni frá stjórnanda jarðganga svo kleift sé að setja upp eða nota öryggisbúnað sem byggir á nýsköpun eða beita öryggisreglum sem byggja á nýsköpun og veita sambærilega eða betri vernd en fyrirbyggjandi tækni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Ef Samgöngustofa hyggst veita slíka undanþágu vegna jarðganga sem tilheyra samevrópska vegakerfinu skal stofnunin senda umsókn um undanþágu til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) ásamt beiðninni og álitni Samgöngustofu. ESA tilkynnir aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins um umsóknina innan mánaðar. Ef hvorki ESA né aðildarríkin mótmæla innan þriggja mánaða telst umsókn samþykkt. Ef mótmæli berast skal fylgja málsmeðferðarreglum 2. mgr. 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu, með síðari breytingum.

11. gr.

Sérstakar kröfur til jarðganga eftir flokkum.

Um jarðgöng í flokki I gilda allar kröfur I.-III. viðauka.

Um jarðgöng í flokki II gilda sömu kröfur og jarðgöng í flokki I utan þess að millibil neyðarstöðva skv. lið 2.10.3 í viðauka I skal vera 250 metrar í stað 150 metra.

Um jarðgöng í flokki III gilda liðir 2.8-2.18 í viðauka I. Þá gilda liðir 4-5 í viðauka II og allur viðauki III um slík jarðgöng.

12. gr.
Skýrslugjöf

Samgöngustofa skal á tveggja ára fresti taka saman skýrslur um eldsvoða í jarðgöngum, slys og önnur alvarleg atvik og um orsakir og tíðni slíkra atvika, meta þau og veita upplýsingar um raunverulegt hlutverk og skilvirkni öryggisaðstöðu og ráðstafana. Samgöngustofa skal senda Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) skýrslurnar sem varða jarðgöng sem tilheyra samevrópska vegakerfinu, fyrir lok september næsta árs á eftir tímabilinu sem skýrslurnar taka til.

13. gr.
Ákvæði er varða umferð

Viðeigandi ákvæði umferðarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim gilda um umferð í jarðgöngum, þar á meðal um flutning á hættulegum farmi og merkingar.

14. gr.
Jarðgöng sem tilheyra samevrópska vegakerfinu og voru í rekstri fyrir 24. október 2007

Samgöngustofa skal gera úttekt á jarðgöngum sem voru tekin í notkun fyrir 24. október 2007 og meta hvort þau uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.

Stjórnandi jarðganga skal ef nauðsyn krefur, leggja fyrir Samgöngustofu áætlun um hvernig aðlaga megi jarðgöngin að ákvæðum þessarar reglugerðar og þær ráðstafanir til úrbóta sem hann hyggst innleiða.

Samgöngustofa skal meta ráðstafanir til úrbóta.

Ef ráðstafanir til úrbóta fela í sér verulegar breytingar á mannvirki eða starfsemi skal beita málsmeðferð sem mælt er fyrir um í II. viðauka, þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar.

15. gr.
Innleiðing.

Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 30. mars 2006, bls. 11 eru með reglugerð þessari tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 18. júlí 2008, bls. 49-69.

16. gr.
Viðaukar.

Eftirfarandi viðaukar skoðast sem hluti reglugerðar þessarar:

- I. viðauki Öryggisráðstafanir sem um getur í 4. gr.
- II. viðauki Samþykki fyrir hönnun, gögn um öryggi, opnun jarðganga, breytingar og reglubundnar æfingar.
- III. viðauki Sérstök umferðarmerki fyrir jarðgöng.

17. gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 42. og 46. gr., sbr. 5. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 992/2007, um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar öðlast ákvæði liða 2.8.3 og 2.14.1 í viðauka I ekki gildi fyrr en 1. júní 2026 að því er varðar jarðgöng í flokki II og III .

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, XX .XXXX 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.